

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað loftslagsbreytingar í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu







Nú þegar gert í skólastarfinu

Loftslagsbreytingar



Hugur þekking












<p>Þekkið þið orðið loftslagsbreytingar?</p> 			
<p>Vitið þið hvað gróðurinn gerir fyrir andrúmsloftið okkar?</p> 			
<p>Vitið þið hvaða ferðamátar (ganga, hjóla, fara á bíl eða strætó) eru bestir fyrir náttúruna?</p> 			
<p>Vitið þið hvort er betra fyrir umhverfið að borða mat sem er gerður á Íslandi eða langt í burtu? Af hverju?</p> 			



Hjarta skólinn og samfélagið







Minnið þið foreldra á að drepa á bílnum fyrir utan skólann? Hvernig? 			
Er einhver matur sem þið borðið í skólanum búinn að fara í langt ferðalag til að komast á diskinn ykkar?  			
Eru einhverjir dagar þar sem ekki er kjöt í matinn í skólanum? 			
Borðið þið einhvern mat sem er búinn til á Íslandi?  			
Farið þið stundum í göngu/hjólreiðatúra? 			
Eru gróðursetningardagar í skólanum? 			
Farið þið í útikennslu í skólanum? 			



Hendur aðgerðir



Viljið þið breyta einherju í kringum skólann? Ef já, hverju viljið þið breyta? 			
Hafið þið gert verkefni um loftslagsbreytingar sem tengjast heimsmarkmiðunum? 			
Koma nemendur gangandi, hjólandi með strætó eða á bíl í skólann? 			
Ræktið þið matjurtir og/eða grænmeti á skólalóðinni? En heima? 			
Skráið þið veðurfar/hitastig á hverjum degi? og ræðið um veðrið? 			
Getið þið beðið einhver fyrirtæki í bænum ykkar að hugsa betur um jörðina? 			

Passið þið upp á það að henda sem minnst af mat? 			
Er skólinn með fataskiptimarkað? 			
Passið þið upp á það að slökkva ljósið þegar það þarf ekki á því að halda? 			

Hvað getur skólinn gert betur í sambandi við loftslagsbreytingar